

## Stjórn SORPU bs.

Ár 2015, föstudaginn 21. ágúst, var haldinn 352. stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsinsog hófst hann kl.07:30. Mættir: Bjarni Torfi Álfþórsson, Guðmundur Geirdal, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri.

### Tekið fyrir:

1. Árshlutareikningur  
Árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins lagður fram og kynntur. Einnig kynntur samanburður við áætlun. Árshlutareikningurinn ræddur, staðfestur og undirritaður af stjórn.
2. Forsendur rekstraráætlunar 2016-2020  
Framkvæmdastjóri kynnir forsendur rekstraráætlunar 2016–2020. Málið rætt. Forsendurnar verða ræddar nánar á eigendafundi þann 31. ágúst n.k.
3. Niðurstaða í útboði á þjónustu við endurvinnslustöðvarnar  
Tilboð í leigu á gámum, losun og akstur með gáma var opnað þann 11. ágúst sl. Tilboð bárust frá þremur aðilum, alls 3 aðaltilboð og eitt frávikstilboð. Lægst bjóðandi í þjónustu á Sævarhöfða er Gámaþjónustan kr. 279.196.390 en Íslenska gámafélagið samtals kr. 900.019.415 vegna annara.  
Framkvæmdastjóra falið að semja við Íslenska gámafélagið um þjónustu við endurvinnslustöðvarnar á Dalvegi, Blíðubakka, Jafnaseli, Ananaustum og Breiðhelli en við Gámaþjónustuna um þjónustu við Sævarhöfða í samræmi við tilboð þessara aðila.
4. Lyktarmál í Álfsnesi  
Lagt fram og kynnt minnisblað yfirverkfræðings um lyktarkvartanir og lyktarvarnir í Álfsnesi í sumar. Bodað verði til fundar með forsvarsmönnum íbúðasamtakanna og starfsmönnum umhverfisviðs Mosfellsbæjar þar sem farið verði yfir aðgerðir í sumar og fyrirhugaða byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar.
5. Stefnumótun stjórnar  
Stefnumótun stjórnar rædd. Frestað til næsta fundar.
6. Breytingar á gjaldskrá 1. ágúst sl.  
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir breytingar á gjaldskrá fyrir ýmis endurvinnsluefni sem gerð var 1. ágúst sl. Breytingarnar eru til komnar vegna gengisþróunar, samninga við birgja og breytinga á endurgreiðslum Úrvinnslusjóðs
7. Endurvinnslustöðin á Dalvegi í Kópavogi  
Framkvæmdastjóri upplýsir um stöðuna. Loka hefur þurft hluta af stöðinni, alls um 800 m<sup>2</sup>, breyta inn- og útkeyrslu, breyta akstursleiðum innan stöðvar og færa til gáma. Ekki er víst að takist að halda úti fullri þjónustu.
8. Þjónusta við grenndargámakerfið  
Þar sem þjónustuaðilinn hafnaði því að framlengja samning um þjónustu við grenndargámakerfið var samið við Gámaþjónustuna um að þjónusta kerfið þar til nýtt kerfi verður tekið upp þann 1. febrúar nk. Reykjavíkurborg mun að hluta til þjónusta kerfið innan Reykjavíkurborgar.
9. Upplýsingastefna Reykjavíkurborgar  
Lögð fram upplýsingastefna Reykjavíkurborgar. Málinu frestað til næsta fundar.
10. Bréf Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar  
Lagt fram og kynnt bréf Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dagsett 29. júní 2015 vegna „*Meðhöndlunar sérsafnaðs lífræns úrgangs í Reykjavík*“. Málið rætt.

Málinu vísað til eigendafundar 31. ágúst.

11. Næsti fundur  
Næsti fundur í stjórn verður haldinn 7. september klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir.

**Fundi slitið klukkan 9:50**

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Bjarni Torfi Álfþórsson  
Jóna Sæmundsdóttir  
Guðmundur Geirdal  
Björn H. Halldórsson  
Sigríður Björg Einarsdóttir

Halldór Auðar Svansson  
Rósa Guðbjartsdóttir  
Hafsteinn Pálsson  
Bjarni Hjarðar